

Fyrir aðalfund ÞÍ sem haldinn verður 23. maí 2018

Hér að neðan eru lög Þroskaþjálfafélags Íslands. Þar er að finna tillögur laganefndar að lagabreytingum sem miða að því að skerpa á reglum í kringum framboð og kosningu til trúnaðarstarfa í félaginu. Markmið þessara breytinga er að setja niður lengri fyrirvara á framboðum bæði til formanns og annarra stjórnarmanna sem og að innleiða rafræna kosningu. Við kosningu um formann þegar fleiri enn einn er í framboði verður alltaf rafræn framkvæmd en val um hana í önnur trúnaðarstörf. Ekki verður lengur hægt að bjóða sig fram í embætti á aðalfundi nema þegar ekki hafa borist önnur framboð fyrir tilskilinn frest. Markmið þessara breytinga er að auka þátttöku félagsmanna í lýðræðislegum kosningum einnig þeirra sem vegna búsetu sinnar eða starfa komast ekki á aðalfund félagsins.

Breytingarnar eru undirstrikaðar og litaðar

Fyrir hönd laganefndar

Andrea Bergmann Halldórsdóttir

Lög Þroskaþjálfafélags Íslands

I. KAFLI

Nafn og tilgangur

1. gr.

Félagið heitir Þroskaþjálfafélag Íslands, skammstafað ÞÍ. Félagssvæði þess er landið allt. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík. Félagið er stéttarfélag skv. lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna og lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

2. gr.

Tilgangur félagsins er:

1. Að efla stétt þroskaþjálfra, stuðla að samvinnu þeirra og samstöðu og gæta hagsmuna þeirra.
2. Að semja um kaup og kjör þroskaþjálfra og standa vörð um réttindi þeirra.
3. Að styrkja stéttarvitund þroskaþjálfra og efla áhuga þeirra á öllu er að starfi þeirra lýtur.
4. Að efla og standa vörð um menntun þroskaþjálfra, grunnmenntun, framhaldsmenntun, símenntun og endurmenntun.
5. Að hafa samstarf við félög þroskaþjálfra og annarra hliðstæðra stétta erlendis.
6. Að gæta hagsmuna fatlaðra, stuðla að framförum í málefnum þeirra og beita sér fyrir auknum skilningi á stöðu þeirra og þörfum.
7. Að semja við stjórnvöld um framlög vegna sjálfstætt starfandi þroskaþjálfra.

II. KAFLI

Aðild að félaginu og úrsögn

3. gr.

Rétt til fullrar aðildar að félaginu eiga:

- Þroskaþjálfar sem hlotið hafa starfsleyfi á Íslandi og greiða stéttarfélagsgjöld til félagsins.
- Lífeyrisþegar innan ÞÍ halda fullum félagsréttindum en greiða ekki félagsgjöld.
- Rétt til fagaðildar að félaginu eiga:

Þroskaþjálfar sem hlotið hafa starfsleyfi á Íslandi og greiða faggjöld. Þeir hafa ekki ákvörðunarvald um kjara og samningamál.

- Þroskaþjálfanemar geta orðið aukafélagar og hafa tillögurétt og málfrelsi en hvorki atkvæðisrétt né kjörgengi.

4.gr.

Úrsögn úr félaginu skal tilkynna skriflega til stjórnar og telst viðkomandi genginn úr félaginu þremur mánuðum eftir að úrsögn hefur borist enda sé hann skuldlaus við félagið. Greiði fagfélagar eigi tvær greiðslur til félagsins, missa þeir félagsréttindi sín og þar með kosningarétt og kjörgengi. Uppgjör á skuld eða samkomulag þar að lútandi leiðir til fullra fagaðildar að nýju.

III. KAFLI

Stjórn félagsins

5. gr.

Stjórn félagsins skipa sjö menn ~~sem kosnir eru, sem aðalfundur kýs~~ til tveggja ára í senn. Formaður og varaformaður skulu kosnir sérstaklega. ~~Framboð í þessi tvö embætti félagsins skulu liggja fyrir eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund.~~ Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum og kýs úr sínum hópi ritara og gjaldkera. Stjórnarmenn skulu vera með stéttarfélagsaðild að Þroskaþjálfafélagi Íslands. Ef stjórnarmenn, aðrir en formaður eða varaformaður, gerast fagaðilar á kjörtímabilinu, er þeim heimilt að sitja í stjórn fram að næsta aðalfundi. Engum er heimilt að sitja samfelld í stjórn lengur en fimm kjörtímabil. Fyrri stjórnarstörf formanns og varaformanns eru þó undanskilin.

6. gr.

Stjórn fer með málefni félagsins milli aðalfunda, hefur eftirlit með því að lögum þess, samþykktum og samningum sé framfylgt og er í forsvari fyrir félagið út á við. Formaður boðar til stjórnarfunda og stýrir þeim. Varaformaður gegnir störfum formanns í forföllum hans. Ritari skal halda gjörðarbók yfir stjórnar- og félagsfundi. Gjaldkeri annast sjóðgæslu félagsins og hefur umsjón með fjármálum þess. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund og ræður einfaldur meirihluti úrslitum mála á stjórnarfundum. Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði formanns úrslitum. Stjórn er heimilt að skipa nefndir eða starfshópa til að sinna ákveðnum verkefnum.

IV. KAFLI

Aðalfundur

7. gr.

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur skal halda á tímabilinu 1. mars til maíloka ár hvert. Aðalfundur skal auglýsa á heimasíðu félagsins og boða með tölvupósti þeim sem hafa netfang skráð í félagaskrá en öðrum og þeim sem þess óska sérstaklega skal sent skriflegt fundarboð. Fundarboð skal sent félagsmönnum a.m.k. þrem vikum fyrir aðalfund ásamt lagabreytingartillögum og tillögum kjörnefndar og miða skal við dagsetningu tölvupósts eða póststimpils. Í aðalfundarboði skal vera:

1. Dagskrá aðalfundar.
2. Tillögur um lagabreytingar ef einhverjar eru.

Aðalfundur er lögmaður ef löglega er til hans boðað. Afl atkvæða ræður á aðalfundi, sbr. VIII (áttunda) kafla félagslaganna. Aðalfundi er heimilt að vísa málum til allsherjar atkvæðagreiðslu.

8. gr. Þessi eru skyldustörf aðalfundar:

- a) kosnir starfsmenn fundarins
- b) formaður leggur fram skýrslu stjórnar
- c) gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins til afgreiðslu og gerir grein fyrir fjárhag þess
- d) lagabreytingar
- e) kosning í stjórn, nefndir og ráð
- f) kosning tveggja skoðunarmanna reikninga félagsins og eins til vara
- g) lögð fram fjárhagsáætlun næsta árs og félagsgjöld ákveðin
- h) önnur mál

Fundarstjóri skal sjá um að aðalfundur fari fram eftir ákvæðum þessara laga og almennum fundarsköpum.

[Fjórum mánuðum fyrir lok kjörtímabils formanns skal hann tilkynna stjórn þí hvort hann hyggist bjóða sig fram til endurkjörs. Minnst þremur mánuðum fyrir aðalfund skal kallað eftir framboðum til formannsembættis og lýkur framboðsfresti sex vikum fyrir aðalfund. Þegar framboðsfresti líkur skulu frambjóðendur fá tvær vikur til að kynna sig. Að þeim tíma liðnum fer fram rafræn kosning meðal allra félagsmanna séu fleiri en einn í kjöri. Séu fleiri en tveir í kjöri og ekki fæst hreinn meirihluti í fyrstu umferð skal kjósa aftur rafrænt milli þeirra tveggja er flest atkvæði hlutu.](#)

[Komi ekki mótframboð gegn sitjandi formanni telst hann sjálfkjörinn án kosningar.](#)

[Tilkynna skal um niðurstöðu kosninga um leið og hún er ljós sem og á aðalfundi.](#)

[Kallað er eftir framboðum til trúnaðarstarfa félagsins \(annarra en formanns\) minnst þremur mánuðum fyrir aðalfund og skulu framboð hafa borist kjörnefnd amk. fjórum vikum fyrir aðalfund og upplýsingar um frambjóðendur sendar út með aðalfundarboði. Því aðeins er hægt að bjóða sig fram á aðalfundi að ekki hafi komið framboð í embættið fyrir tilskilinn framboðsfrest. Kjósa skal skriflega á aðalfundi, séu fleiri í kjöri en kjósa á.](#)

[Heimilt er að kjósa rafrænni kosningu í stjórn og fastanefndir félagsins séu fleiri en einn í framboði. Rafræn kosning hefst þá viku fyrir aðalfund og stendur yfir í þrjú daga.](#)

V. KAFLI

Fjármál

9. gr.

Aðalfundur ákveður félagsgjöld starfandi þroskaþjálfra sem ákveðið hlutfall af launum. Aðalfundur ákveður einnig félagsgjald þroskaþjálfra sem eiga fagaðild að félaginu með einn gjalddaga eða fleiri. Þeir þroskaþjálfanemar sem ganga í félagið greiða ekki félagsgjöld. Félagar sem eru lífeyrisþegar skulu undanþegnir greiðslu félagsgjalda.

VI. KAFLI

Félagsmál

10. gr.

10.1 Nefndir

Nefndir starfa á grundvelli laga ÞÍ og hlíta eigin starfsreglum sem skulu staðfestar af stjórn ÞÍ. Kosið skal í nefndir og ráð á aðalfundi nema annað sé tekið fram í lögum þessum. Nefndir starfa á ábyrgð ÞÍ. Félagið ber fulla og óskoraða fjárhagslega ábyrgð á störfum nefnda. Nefndum er óheimilt að stofna til fjárhagsskuldbindinga nema með heimild stjórnar ÞÍ. Stjórn félagsins skal halda samráðsfund einu sinni á ári með formönnum nefnda.

10.2 Fagráð

Í félaginu skal starfa sjö manna fagráð sem kosið er í á aðalfundi til tveggja ára í senn, fjóra annað árið (jöfn tala) og þrjú hitt árið (oddatala). Hlutverk fagráðs er að vinna að menntamálum þroskaþjálfra, sjá um fræðslufundi, fylgjast með þróun og nýjungum í starfinu og kynna þær félagsmönnum.

10.3 Útgáfuráð

Félagið skal standa að blaðaútgáfu, sjálfstætt eða í samráði við aðra aðila. Aðalfundur kys í útgáfuráð sex félagsmenn til tveggja ára, þrjú hvort ár. Sjöundi nefndarmaðurinn er tilnefndur af Rannsóknarsetri í þroskaþjálfrafræðum. Hlutverk útgáfuráðs er að sjá um útgáfustarfsemi á vegum félagsins.

10.4 Laganefnd

Í laganefnd skulu starfa fimm félagsmenn til tveggja ára í senn, kjósa skal tvo annað árið (jöfn tala) og þrjá hitt árið (oddatala). Laganefnd vinnur að og gerir tillögur að lagabreytingum.

10.5 Kjörnefnd

Í félaginu skal starfa fimm manna kjörnefnd er annist undirbúning og framkvæmd kosninga fyrir næsta aðalfund, atkvæðagreiðslu vegna kjarasamninga og aðrar atkvæðagreiðslur sem stjórn felur nefndinni að annast. Kjörnefnd leitar eftir framboðum í stjórn, nefndir, og ráð á vegum félagsins. Nýjum framboðum í stjórn skulu fylgja meðmæli a.m.k. tuttugu félagsmanna. Tillögur kjörnefndar um félagsmenn í stjórn, nefndir og ráð skulu liggja fyrir amk. fjórum þremur vikum fyrir aðalfund. eigi síðar en 1. febrúar ár hvert.

10.6 Siðanefnd

Í félaginu skal starfa þriggja manna siðanefnd, tilnefndir af stjórn félagsins, á aðalfundi, þrír aðalmenn og þrír varafulltrúar. Tilnefnt til þriggja ára í senn. Endurtilnefning er heimil, en þó ekki lengur en tvö tímabil samfellt. Siðanefnd starfar sjálfstætt og óháð stjórn eða öðrum nefndum félagsins. Nefndin starfar eftir siðareglum Þroskaþjálfafélags Íslands og gildandi starfsreglum. Hlutverk siðanefndar er:

- Að vera félagsmönnum til ráðgjafar og leiðbeiningar um siðamál.
- Að taka við og fjalla um kvartanir um brot félagsmanna á siðareglum.
- Að úrskurða um réttmæti kvörtunar með hliðsjón af lögum og siðareglum félagsins.
- Vinna að tillögugerð að endurskoðun á siðareglunum, m.a. með því að safna dæmum um siðferðileg álitamál sem upp koma í starfi þroskaþjálfara.
- Nefndin skal gefa félagsmanni færi á að skýra og verja mál sitt.

Úrskurður er gildur, standi meirihluti siðanefndar að honum. Unnt er að áfrýja úrskurði siðanefndar til stjórnar Þroskaþjálfafélags Íslands sem þá skipar sérstaka siðanefnd sem úrskurðar í málinu samkvæmt gildandi siðareglum og verklagsreglum siðanefndar.

Grein 10.6 gildir einnig um þessa sérstöku siðanefnd.

10.7

Siðareglum þroskaþjálfara verður ekki breytt nema á aðalfundi og þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða. Tillögur um breytingu siðareglna skulu hafa borist til umfjöllunar hjá stjórn ÞÍ sem sendir tillögur að breytingum til laganefndar fyrir 1. janúar og þær sendar félagsmönnum ásamt fundarboði aðalfundar. Siðanefnd setur eigin starfsreglur og ber þær undir stjórn ÞÍ.

11.gr.

11.1 Sjóðir

Sjóðir á vegum félagsins eru: Vísindasjóður og kjaradeilusjóður auk sjóða BHM

11.2 Vísindasjóður

Stjórn vísindasjóðs skipa fimm félagar sem tilnefndir eru af stjórn félagsins. Stjórn vísindasjóðs starfar samkvæmt reglum sjóðsins sem sjóðsstjórn setur og stjórn ÞÍ staðfestir.

11.3 Kjaradeilusjóður

Stjórn kjaradeilusjóðs skipa þrjú félagar og skulu þeir hafa stéttarfélagsaðild í Þroskaþjálfafélagi Íslands. Gjaldkeri ÞÍ hefur fasta setu í stjórn sjóðsins, en aðra skipar stjórn Þ.Í.

12. gr.

Félagsfundir skal boða eins oft og stjórninni þurfa þykir og er henni skylt að boða til félagsfundar ef 10% félagsmanna æskja þess skriflega.

13. gr.

Félagið skal standa að blaðaútgáfu, sjálfstætt eða í samráði við aðra aðila.

14. gr.

Í október annað hvert ár skal kjósa trúnaðarmenn. Á vinnustöðum þar sem starfa fimm þroskaþjálfar eða fleiri, er þeim heimilt að velja einn trúnaðarmann úr sínum hópi. Heimilt er að kjósa trúnaðarmenn fyrir félagssvæði eða hluta þess vegna starfsmanna á vinnustöðum sem ekki uppfylla skilyrði um lágmarksfjölda. Val trúnaðarmanna skal tilkynna vinnuveitenda og stjórn félagsins þegar í stað á þar til gerð eyðublöð.

VII. KAFLI

Trúnaðarmannaráð

15. gr.

Í trúnaðarmannaráði skulu eiga sæti trúnaðarmenn ásamt stjórn félagsins. Hlutverk trúnaðarmannaráðs er að undirbúa kröfugerð og kjarasamninga og vera stjórn til ráðgjafar um stærri mál. Trúnaðarmannaráð kýs samninganefnd sem ásamt formanni og varaformanni félagsins fer með forsvar þess við gerð kjarasamninga. Formaður félagsins skal vera formaður samninganefndar.

VIII. KAFLI

Lagabreytingar og félagsslit

16. gr.

Lögum þessum verður ekki breytt nema á aðalfundi og þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða. Tillögur um lagabreytingar skulu hafa borist til laganefndar fyrir 1. febrúar og þær sendar félagsmönnum ásamt fundarboði aðalfundar.

17. gr.

Komi fram tillaga um að leggja félagið niður, skal hún sæta sömu meðferð og sem tillaga um lagabreytingar sbr. 15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi við samþykkt þeirra.